

Fallorka ehf
Aðalsteinn Bjarnason
Logafold 22
112 Reykjavík

2005060036
6513; 9310

Reykjavík, 17. október 2005

Efni: Djúpadalsvirkjun 3. Allt að 3,5 MW vatnsaflsvirkjun í Djúpadalsá, Eyjafjarðarsveit. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Fallorku ehf. dags. 10. júní 2005 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt allt að 3,5 MW Djúpadalsvirkjun 3 samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum m.s.br. og lið 3a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Eyjafjarðarsveitar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og veiðimálastjóra.

Umsagnir bárust frá Eyjafjarðarsveit með bréfi dags. 28. september 2005, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 12. september 2005, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 30. júní 2005, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti með bréfi dags. 23. september 2005, Orkustofnun með bréfi dags. 27. júní 2005, Umhverfisstofnun með bréfum dags. 11. og 15. júlí 2005 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 28. júní 2005.

Frekari upplýsingar og svör bárust frá Fallorku ehf. með tölvupósti dags. 4. og 12. júlí, 13. september og 3. og 9. október 2005.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum Fallorku ehf kemur fram að fyrirhugað sé að stífla Djúpadalsá í Hvassafellsdal og ná þar um 3 gl. miðlunarforða. Síðan sé fyrirhugað að virkja allt að 170 metra fallhæð úr lóninu og niður í dalbotn. Virkjun þessi yrði um 3,5 MW að stærð. Fyrirhugað sé að stífla Djúpadalsá með um 20 metra hárrí og 190 metra langri jarðvegsstíflu og mynda með því miðlunarlón sem yrði um 0,4 ferkílómetri að flatarmáli. Efnismagn stíflu sé áætlað um 40.000 m³. Allt efni í stífluna muni verða tekið úr lónstæðinu. Mesta hæð á lóni verði 446 m.y.s. Undir stífluna muni liggja botnrás með loku sem stýra muni rennslinu úr lóninu. Botnrás þessi muni að öllu jöfnu anna rennsli árinna þannig að ekki sé þörf á hefðbundnu yfirfalli. Þó muni verða

gerður vatnsvegur fram hjá stíflunni þar sem áin geti runnið ef botnrásin, einhverra hluta vegna, anni ekki rennslinu. Lagfæra og framlengja þurfi vegslóð sem liggja inn eftir dalnum að fyrirhuguðu stíflustæði. Virkjað rennsli virkjunarinnar sé ráðgert 2,2 m³/sek og heildar fallhæðin 150-170 metrar eftir stöðu lónsins. Uppsett afl virkjunarinnar verði um 3,5 MW. Gert sé ráð fyrir einni túrbínu í stöðinni. Fallpípa verði úr trefjaplasi, um 3.200 metrar að lengd og 1.200 mm að þvermáli. Stöðvarhúsið sé ráðgert norðan við ána um 2.500 metrum neðan við stíflu. Stærð stöðvarhúss virkjunarinnar ráðist að mestu leyti af þeim vélbúnaði sem til þarf. Leitast verði við að láta formun stöðvarhússins taka mið af aðstæðum, þannig að það falli vel inn í landið. Gólfplatarmál hússins verði líklega um 100 m².

Fram kemur að vegna framkvæmdanna þurfi að lagfæra um 4,5 km vegslóð að eyðibýlinu Kambfelli og gera nýja um 4 km vegslóð frá Kambfelli og inn á Hvassafellsdal þar sem fyrirhugað stöðvarhús eigi að rísa og áfram upp að stíflustæðinu meðfram fyrirhugaðri legu fallpípu. Ekki verði um uppbyggðan veg að ræða heldur einungis slóð sem lögð verði meðfram ánni. Gert sé ráð fyrir að allt efni í stífluna verði tekið úr lónstæðinu. Vegslóðin liggja að mestu leyti meðfram Djúpadalsá og ekki sé þörf á aðfluttu efni til að lagfæra hana. Vegna virkjunarinnar þurfi að leggja nýjan jarðstreng til Akureyrar. Gert sé ráð fyrir að strengur þessi verði á 66 kV spennu. Lega strengsins liggja ekki nákvæmlega fyrir en líklega muni hann verða lagður samhliða 11 kV streng sem lagður hafi verið vegna Djúpadalsvirkjana 1 og 2. Gert sé ráð fyrir að strengurinn muni liggja með veginum á milli Djúpadalsvirkjana 2 og 3.

Umhverfisáhrif framkvæmdanna

Í framlögðum gögnum Fallorku ehf. kemur fram að við hönnun og undirbúning á fyrirhugaðri framkvæmd muni verða leitast við að lágmarka neikvæð áhrif hennar á umhverfið. Nokkur umhverfisáhrif verði þó óhjákvæmilega vegna þessara framkvæmda. Engin fiskgengd sé í Djúpadalsá á þessum slóðum og ekki verði séð að fyrirhugaðar framkvæmdir raski á nokkurn hátt vistkerfi í eða við ána á framkvæmdasvæðinu. Því sé það mat framkvæmdaraðila að neikvæð áhrif framkvæmdanna geti ekki talist umtalsverð þó þau séu vissulega nokkur. Lónið muni hafa í för með sér að um 0,32 km² af landi fari undir vatn. Að stórum hluta séu þar um að ræða gróðurlausar malareyrar en nokkuð af grónu landi muni einnig fara undir. Þar sem Djúpadalsá sé bergvatnsá beri hún ekki með sér leir líkt og jökulár. Mjög lítil framburður sé í ánni á þessum slóðum og því sé ekki talið að efni setjist í lónstæðið og því ekki hætta á foki. Staðsetning lónsins sé innst inn á Hvassafellsdal þar sem Djúpadalsá eigi upptök sín. Fallpípa verði niðurgrafin og frágengin þannig að ummerki munu ekki sjást. Engir fossar séu í ánni á þessum slóðum og því verði sjónræn áhrif lítil þó rennsli í ánni milli stíflu og stöðvarhúss minnki.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt

Í umsögn Eyjafjarðarsveitar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, Orkustofnunar og veiðimálastjóra er ekki talið að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Í umsögnum Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé unnt að gefa umsögn um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga.

Áhrif á fornminjar

Í umsögn Fornleifaverndar kemur fram að við vettvangsskoðun í ágúst sl. hafi fundist nokkrar óskráðar forleifar á svæðinu, en þær séu allar utan fyrirhugaðs lóns, stíflu, stöðvarhúss og vatsnþípu milli stöðvarhúss og stíflu. Hins vegar verði að staðsetja vegslóð og hugsanlega námu til efnistöku í samráði við Minjavörð Norðurlands eystra, þannig að ofangreindum fornleifum verði ekki raskað.

Í svörum Fallorku ehf. kemur fram að endanleg lega vegslóða verði ákvörðuð með tilliti til fornminja á svæðinu og haft verði samráð við minjavörð áður en framkvæmdir hefjast.

Áhrif á lífríki Djúpadalsár

Í umsögn veiðimálastjóra kemur fram að farið hafi verið fram á það í umsagnarbréfi til Skipulagsstofnunar vegna Djúpadalsvirkjunar 2 dagsettu 29. janúar 2004 að framkvæmdaaðili léti gera líffræðilega úttekt á áhrifum Djúpadalsvirkjana 1 og 2, sem þá voru í byggingu, á lífríki fiska í neðri hluta Djúpadalsár og Eyjafjarðará. Viðbótar virkjun í ánni dregur ekki úr nauðsyn þess að slík rannsókn verði gerð enda nauðsynlegt fyrir aðila að vita ástand fiskstofna á svæðinu í byrjun virkjunarferils, ef breytingar yrðu á lífríkinu á síðari stigum, hvort sem það væri vegna áhrifa frá virkjun eða vegna annarra þátta.

Í svörum Fallorku ehf. kemur fram að leitað hafi verið til Norðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar vegna líffræðilegrar úttektar vegna virkjananna en niðurstöður liggi ekki fyrir.

Áhrif á gróður og fuglalíf

Í umsögn Náttúruverndarnefndar Eyjafjarðar sem fylgdi umsögn Eyjafjarðarsveitar kemur fram að rangt sé farið með í greinargerð Fallorku ehf. að lónstæðið sé að stórum hluta gróðurlausar malareyrar. Lónstæðið sé að mestu leyti vel gróið mosaríku graslendi og einungis að litlu leyti gróðurlaust. En við vettvangsskoðun nefndarinnar hafi ekki fundist neinar plöntur í útrýmingarhættu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé unnt að taka afstöðu til þess hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum þar sem ekki liggi fyrir upplýsingar um gróðurlendi og fuglalíf á svæðinu.

Í svörum Fallorku ehf. kemur fram að um helmingur þess svæðis sem fari undir vatn sé gróið. Svæðið sé í 450 m hæð yfir sjávarmáli og því sé gróður hvorki þéttur né gróskumikill. Sáralítið fuglalíf sé á svæðinu. Þarna sjáist til að mynda ekki rjúpa þó hana sé að finna víða annars staðar í Eyjafirði. Að fenginni reynslu telur framkvæmdaraðili að tilkoma lónsins muni lífga mjög upp á fuglalífið á svæðinu. Endur og fleiri tegundir laðist að vötnum sem þessum.

Áhrif á landslag og jarðmyndanir

Í umsögn Náttúruverndarnefndar Eyjafjarðar sem fylgdi umsögn Eyjafjarðarsveitar kemur fram að á milli fyrirhugaðrar stíflu og stöðvarhúss séu allmargir malarhólar í miðjum dalnum. Hólanir séu bæði náttúruþrýði og athyglisverð jarðfræðifyribæri sem ekki hafi verið skoðuð sérstaklega. Það sé því mikilvægt að við lagningu malarslóðar og fallþípu að hólunum verði þyrmt.

Í svörum Fallorku ehf. kemur fram að tekið verði tilliti til þessarar ábendinga við framkvæmdirnar.

Staðsetning fallpípu

Í umsögn Orkustofnunar kemur fram að ekki sé fyllilega ljóst hvar fallpípa og vegslóð meðfram henni og að stíflu muni liggja.

Í svörum Fallorku ehf. kemur fram að til að valda sem minnstu raski sé gert ráð fyrir að leggja vegslóðina og fallpípuna í sneiðingi framan í bökkum Djúpadalsár. Þar sé um að ræða land sem áin sé, alla jafna, að hreyfa við. Því verði slóðin lítt áberandi í landinu.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða allt að 3,5 MW Djúpadalsvirkjun í Djúpadalsá í Eyjafjarðarsveit. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum m.s.br.

Mannvirkjagerð

Lýsing mannvirkja tengdum framkvæmdinni er mjög óljós og því er lýsing á áhrifum framkvæmdarinnar einnig áfátt. Frá bænum Litla Dal og inn að eyðibýlinu Kambfelli var jeppaslóð á áreyrum og á köflum á grónum bökkum árinna. Nú hefur verið lögð slóð, um 4,5 km löng, með veghefli þessa leið og rutt upp jarðvegi á köflum. Á nokkrum stöðum hefur verið rutt fyrir árkvíslar en óljóst er hvort þar er um varanlega framkvæmd að ræða í ljósi rennissveiflna í ánni eða hvort endurtaka þarf slíkt a.m.k. á meðan á framkvæmdum stendur og ekkert hefur komið fram um frágang þessa rasks. Ekki liggur fyrir hvaða áhrif slóðagerð af þessu tagi mun hafa á gróður og jarðveg á áreyrunum til lengri tíma lítið.

Fram kemur að um 0,4 km² af landi muni fara undir lón. Ekki kemur fram umfang annarra framkvæmda. Þar er um að ræða flatarmál lands er fer undir stíflu, 4 km langan veg frá Kambfelli að stíflu og land sem fer undir vegfláa eða rofnar ofan vegar, 3.2 km langan skurð meðfram veginum fyrir 1,2 m víða þrýstivatnspípu, land er fer undir uppmokstur úr skurðinum og land fyrir um 100 m² stöðvarhús. Verkfræðilega úttekt vantar á hvar þrýstivatnslögnin þarf að liggja til dæmis m.t.t. vatnshalla pípunnar, stöðugleika lands í lausum jarðlögum (skriðum) meðfram ánni, öryggi vegna flóða í ánni eða aurskriða úr giljum, verndargildis jarðmyndana og lágmörkunar rasks á jarðvegi og gróðurlendi. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort hægt er að staðsetja stífluna þar sem það er áformað m.t.t. stöðugleika jarðlaga, lektar eða annarra verkfræðilegra þátta. Ekki liggur fyrir mat á því hvaða líkur eru á að nægilegt eða hentugt efni í jarðvegsstífluna fái úr fyrirhuguðu lónstaði.

Sjónræn áhrif, áhrif á gróður, landslag og víðerni

Fyrirhuguð framkvæmd verður nokkuð umfangsmikil á óröskuðu svæði og mun gera það að verkum að um 0,4 km² af töluvert grónu landi mun fara undir vatn á svæði sem er í meira en 400 m hæð og hugsanlega öðru eins raskað vegna mannvirkja. Skipulagsstofnun bendir á að samfelld gróðurland er sjaldgæfara eftir því sem hærra dregur í landi og að sama skapi eykst verðmæti

slíkra svæða. Auk þess er fyrirhugað framkvæmdasvæði að mestu leyti ósnortið, afar fáfarið og Hvassafellsdalur fellur a.m.k. að stærstum hluta undir skilgreingu um víðerni skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Skipulagsstofnun telur því að áhrif framkvæmdanna á ósnortin víðerni og verðmætt gróðurland kunni að vera töluverð en bendir á að nauðsynlegt er að afla fyllri gagna um hvers konar gróðurlendi um er að ræða líkt og Umhverfisstofnun benti á í umsögnum sínum. Að sama skapi er nauðsynlegt að afla frekari upplýsinga um jarðmyndanir og verndargildi þeirra og áhrif framkvæmdanna á landslag og jarðmyndanir. Þrátt fyrir að stíflumannvirki séu afmörkuð í fremur þröngum dal og muni fyrir vikið ekki verða mjög áberandi fyrir en að þeim er komið þá telur Skipulagsstofnun að gera verði betri grein fyrir staðsetningu mannvirkja og áhrifum þeirra á jarðmyndanir og landslag í dalnum. Fyrir liggur að dalurinn er fremur þröngur með háum set- eða skriðuhjöllum beggja vegna árinna um miðbikið sem óhjákvæmilegt er að verði fyrir einhverju raski.

Áhrif á lífríki Djúpadalsár

Veiðimálastjóri hefur bent á það í umsögn sinni að ekki hafi farið fram úttekt á lífríki Djúpadalsár líkt og Fallorka ehf. hafi fyrirhugað þegar ákvörðun um matsskyldu Djúpadalsvirkjunar 2 var tekin. Frekari virkjun árinna geri slíka úttekt enn brýnni. Fallorka hefur ekki lokið við gerð úttektarinnar og hefur bent á að þar sem virkjunin sé á ófiskgengu svæði þá séu litlar líkur neikvæðum áhrifum á lífríki árinna. Skipulagsstofnun bendir á að þrátt fyrir að ekki sé kunnugt um fiskgengd á þeim hluta Djúpadalsár sem framkvæmdirnar taka til þá kunni áin engu að síður að gegna mikilvægu hlutverki við að skila næringarefnum niður á fiskgeng svæði og einnig hafa áhrif á fuglalíf einkum neðan virkjunar. Skipulagsstofnun telur því nauðsynlegt að fyrir liggja mat á áhrifum Djúpadalsvirkjana 1 og 2 sem og fyrirhugaðrar Djúpadalsvirkjunar 3 á lífríki árinna. Án líffræðilegrar úttektar á ánni verði ekki unnt að meta hugsanleg áhrif framkvæmda ofan fiskgengs hluta hennar á lífríki á fiskgengu svæði neðar í ánni.

Áhrif á menningarminjar

Ekki liggur fyrir staðsetning fyrirhugaðrar vegslóðar við eyðibýlið Kambfell og því ekki ljóst hver áhrif verða á fornminjar.

Skipulag

Í fyrirbyggjandi skipulagsáætlunum, þ.e. Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014 og Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018 er ekki mörkuð stefna um virkjanir á svæðinu.

Niðurstaða

Skipulagsstofnun vekur athygli á að Umhverfisstofnun hefur tvívegis í umsögnum bent á nauðsyn þess að frekari gagna yrði aflað um náttúrufar framkvæmdasvæðisins svo unnt yrði að leggja mat á áhrif framkvæmdanna á umhverfið. Jafnframt hefur starfsmaður Skipulagsstofnunar sannreynt á vettvangi að fyrirhugað lón verður á svæði sem er vel gróið og að ekki liggur fyrir hvernig unnt verður að koma fyrir fallpípu og vegi frá stíflu að stöðvarhúsi án umtalsverðs rasks á gróðurlendi, jarðvegi, jarðmyndunum og landslagi. Ekki liggur fyrir úttekt á jarðlögum m.t.t. efnistöku til stíflugerðar eða verkfræðileg úttekt á grundun mannvirkja m.t.t. stöðugleika þeirra og öryggis.

Um er að ræða umfangsmikla framkvæmd á óröskuðu svæði sem óljóst er hver áhrif muni hafa á

umhverfið. Í ljósi þess sem fram hefur komið er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að framkvæmdir við Djúpadalsvirkjun 3 kunni að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli því háðar mati á umhverfisáhrifum. Sú niðurstaða byggir á því að framkvæmdirnar kunna að hafa veruleg áhrif á landslag, jarðmyndanir og gróðurfar í Hvassafellsdal vegna beinnar röskunar af mannvirkjagerð og hugsanleg áhrif á fuglalíf og lífríki Djúpadalsár.

Einnig vísast til eftirfarandi atriða sem tilgreind eru í 3. viðauka með lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum m.s.br.:

- Eðli framkvæmdar, einkum m. t. t. stærðar, umfangs og sammögnunaráhrifa með öðrum framkvæmdum.
- Hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á m.t.t. álagspols náttúrunnar einkum m.t.t. áhrifa á lífríki Djúpadalsár, álagspols náttúrunnar einkum m.t.t. sérstæðra jarðmyndana s.s. vatnsfalla og jökulminja, landslagsheilda og ósnortinna víðerna.
- Áhrifa framkvæmda m.t.t. umfangs umhverfisáhrifa m.t.t. þess svæðis sem kann að verða fyrir áhrifum, hverjar líkur eru á áhrifum og sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 18. nóvember 2005.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Eyjafjarðarsveit, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Orkustofnun, Umhverfisstofnun og veiðimálastjóri.